



Akureyri, 27. febrúar 2020.

Umsögn Akureyrarbæjar við frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga Mál nr.29/2020.

Akureyrarbær hefur áður lýst yfir stuðningi við nýsamþykktu þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga og það frumvarp sem hér er lagt fram er fyrsta frumvarpið sem lagt er fram til að ná fram markmiðum áður nefndrar þingsályktunar.

Akureyrarbær vill með umsögn sinni gera athugasemdir við tvær greinar frumvarpsins.

Akureyrarbær ítrekar fyrri umsögn sína um að við sameiningu sveitarfélaga komi til aukið framlag úr ríkissjóði í stað þess að fjármagn Jöfnunarsjóðs til úthlutunar sé skert eins og gert er ráð fyrir í 12. grein frumvarpsins.

Þá lýsir Akureyrarbær yfir ánægju með auknar heimildir til fjarfunda sem lagðar eru fram í 2. gr. en gerir þó athugasemd við að heimild til fjarfunda einskorðist við að sveitarstjórnarmaður þurfi að vera í erindagjörðum á vegum sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri